



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 14/2008
höfnun á umsókn Corice ehf. um númer fyrir alþjóðlega farsímaþjónustu

16. júlí 2008

I.

Umsókn

Með bréfi til Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS), dags. 26. október 2007, óskaði Corice ehf. eftir að fá úthlutuðum níu stafa númeraseríum fyrir alþjóðlega farsímaþjónustu (e. International Mobility Numbers) og númerum fyrir alþjóðlega þjónustuveitu (International Premium Rate Services (IPRS)).

II.

Forsaga

Þann 22. ágúst 2007 barst PFS afrit af bréfi Símans hf., dag. 20. ágúst 2007, til Corice ehf., þar sem Síminn hf. tilkynnir Corice hf. um tímabundna lokun fyrir uppköll í númeraseríur Corice ehf. og óskar jafnframt eftir skýringum félagsins á óeðlilegu hringimynstri. Þann 23. ágúst 2007 barst stofnuninni afrit af svarbréfi Corice ehf., til Símans hf., þar sem eftirfarandi kemur m.a. fram:

„Að númer úr okkar seríum hafi hugsanlega verið misnotuð kemur okkur gjörsamlega í opna skjöldu og lítum við það mjög alvarlegum augum ef rétt reynist.“

„Öll umferð á okkar númeraseríu fer í gegnum Símann og þar sem hann er með fullkominn búnað til að greina misnotkun förum við fram á aðstoð ykkar við að komast að því hvað er hér á ferðinni og hvort eitthvað óeðlilegt eða ólöglegt hafi átt sér stað.“

„Við ítrekum að við leggjum áherslu á að við vinnum í sameiningu að lausn þessa máls og að fundin verði þau númer sem Síminn telur að misnotuð hafi verið og þá hverjir hafi gert það. Þannig verður hægt að loka fyrir þau og tryggja að eðlileg umferð hefjist aftur sem allra fyrst svo hægt verði að fyrirbyggja frekara tekjutap og óþægindi fyrir okkur og viðskiptavinum okkar.“

Í tilefni upplýsinga sem fram komu í tilvitnuðu bréfi sendi Póst- og fjarskiptastofnun Corice ehf. bréf, dags. 23. ágúst 2007, þar sem forsvarsmenn félagsins voru boðaðir á fund hjá stofnuninni vegna máls þessa.

Mánudaginn 27. ágúst 2007 var haldinn fundur í húsakynnum Póst- og fjarskiptastofnunar með forsvarsmönnum Corice ehf. í þeim tilgangi að upplýsa stofnunina um þau álitæfni í fyrnefndu máli er heyra undir eftirlitsskyldu stofnunarinnar skv. lögum nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og lögum nr. 81/2003, um fjarskipti. Á fundinum kom m.a. fram að forsvarsmenn Corice ehf. væru að íhuga að skila inn til stofnunarinnar númerum er tengjast málinu þar sem númerin væru að öllum líkindum ónothæf vegna þess að þau væru komin á valista aðila á fjarskiptamarkaði víða um heim.

Þann 28. ágúst 2007 skilaði Corice ehf. inn til Póst- og fjarskiptastofnunar þeim númerum sem félagið fékk úthlutað hjá stofnuninni í númeraseríunum 373 000 000 til 373 009 999 og 374 000 000 til 374 009 999.

II.

Beiðni Corice um að fá úthlutað nýjum númeraseríum

Í framangreindu bréfi Corice ehf. til PFS, dags. 26. október 2007, kom fram að í kjölfar ásakana aðila á fjarskiptamarkaði hér á landi um meinta ólögmæta starfshætti Corice og rannsóknar Efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra á þeim ásökunum, sem síðar var hætt, hafi verið ljóst að þau númer sem fyrirtækinu hafði áður verið úthlutað af PFS voru ónothæf sökum þess að þau voru komin á valista fjarskiptafélaga víða um heim. Í kjölfar fundar forsvarsmanna Corice og PFS þann 27. ágúst 2007, vegna framangreindra ásakana, hafi Corice ákveðið að skila inn þeim númerum sem fyrirtækið fékk úthlutað frá PFS þann 17. janúar 2007. Þá kemur eftirfarandi jafnframt fram í bréfi Corice:

„þar sem nú er ljóst að þetta mál er nú yfirstaðið förum við hér með fram á að stofnunin úthluti okkur nýjum númeraseríum

(...) viljum við fara þess á leit að ný 9 stafa númer sem úthlutað yrði til okkar verði auðkennd á vefsíðu stofnunarinnar sem „International Mobility Numbers“, þ.e.a.s. númer þessi verði notuð fyrir alþjóðlega farsímaþjónustu, þar með talið VAS, ásamt alþjóðlegri greiðslumiðlun gegnum farsíma.

Þessu til viðbótar óskum við hér með eftir úthlutun á alþjóðlegum þjónustuveitunúmerum (International Premium Rate Services (IPRS) samanber E.155 frá ITU).“

III.

Bréfaskipti og sjónarmið

3.1

Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 29. október 2007, benti PFS Corice á að í númeraskipulagi stofnunarinnar væri ekki er gert ráð fyrir númerum í þeim tilgangi sem vísað var til í bréfi Corice. Af þeim sökum, og í ljósi þess að endurskoðun á reglum nr. 318/2003, um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga, stæði yfir, væri ekki hægt að taka afstöðu til umsóknar Corice um númer fyrir en nýjar reglur um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga hefðu tekið gildi.

3.2

Með bréfi Corice ehf., dags. 17. janúar sl., óskaði fyrirtækið eftir að fá upplýsingar um stöðu málsins hjá PFS.

Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 22. janúar sl., upplýsti stofnunin Corice um að vinna við endurskoðun á reglum nr. 318/2003, um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga, hefði tekið mun lengri tíma en gert hafði verið ráð fyrir. Innan skamms mætti þó vænta þess að drög að reglunum yrðu birt á heimasíðu PFS til umsagnar hagsmunaaðila. Hvatti stofnunin Corice eindregið til þess að koma að athugasemdum sínum við drögin eftir að þau yrðu birt. Þá áréttaði stofnunin að ekki væri mögulegt að taka afstöðu til umsóknar Corice um númer fyrir alþjóðlega farsímaþjónustu fyrir en nýjar reglur um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga hefðu tekið gildi. Jafnframt væri þörf á ítarlegri upplýsingum um fyrirhugaða notkun á þeim númerum sem óskað væri eftir. Óskaði PFS sérstaklega eftir að Corice veitti stofnuninni eftirfarandi upplýsingar:

- Upplýsingar um hvernig þjónusta ætti að veita í umbeðnum alþjóðlegum farsímanúmerum
- Upplýsingar um það hvort notendur yrðu með SIM kort
- Nánari skilgreiningu á því hvað Corice ætti við með „alþjóðlegri greiðslumiðlun gegnum farsíma“
- Áætlaðan fjölda númera sem óskað væri eftir fyrir alþjóðlega farsímaþjónustu
- Lýsingu á hvers konar gjaldtöku ætti að hafa í númerunum
- Upplýsingar um staðsetningu númeranna, þ.e. væntanlegra notenda
- Upplýsingar um það hvort gert væri ráð fyrir umferð bæði í og úr númerunum
- Upplýsingar um áætlað magn símtala í númerin
- Upplýsingar um það hvaðan áætlað væri að umferð í númerin muni koma
- Upplýsingar um fyrirtæki, bæði innlend og erlend, sem Corice hafði samið við
- Afrit af þeim samningum sem Corice hafði gert við önnur fjarskiptafyrirtæki

Hvað varðaði ósk Corice um að fá úthlutað númerum fyrir alþjóðlega yfirgjaldsþjónustu (e. International Premium Rate Services (IPRS)) upplýsti PFS Corice um að slík númer hefðu landskóðann +979 og að úthlutun þeirra væri ekki í höndum stofnunarinnar heldur Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU). Veitti stofnunin Corice upplýsingar um hvernig hægt væri að sækja um framangreind númer hjá ITU.

3.3

Með bréfi lögmanns á LEX lögmannsstofu, f.h. Corice, dags. 7. apríl sl., var PFS veitt ítarlegri upplýsingar um fyrirhugaða notkun umbeðinna númera og gefin svör við þeim spurningum sem stofnunin hafði óskað eftir í framangreindu bréfi til Corice. Um skilgreiningu á þeirri þjónustu sem fyrirhugað var að veita í umbeðnum númerum fyrir alþjóðlega farsímaþjónustu kom eftirfarandi fram:

„Corice hyggst nýta hin umbeðnu alþjóðlegu farsímanúmer undir eftirfarandi þjónustu:

- *Spjallrásir (Chat Platform)*
- *Símafundi (Conference Platform)*
- *Leikjaþjónustu (Gaming Platform)*
- *Upplýsingaþjónustu (Internet Service)*
- *Smágreiðsluþjónustu (Micro Payments)*
- *Rafrænt veski, millifærslur milli bankareikninga o.s.frv. (Mobile Vallet)*
- *Félagið óskar eftir að fá úthlutað nýu stafa númerum.*
- *Fjöldi notenda sem reiknað er með að bætist við á næsta heila ári er 50.000.*
- *Fyrirhugað er að notendur verði með SIM kort.*
- *Með „alþjóðlegri greiðslumiðlun gegnum farsíma“ er átt við þá þjónustu sem rakin er hér að framan.*
- *Áætlaður fjöldi númera sem óskað er eftir fyrir alþjóðlega farsímaþjónustu eru 20.000 til að byrja með.*
- *Í númerunum er áætlað að hafa gjaldtöku á bilinu EUR 0,30 – 2,00.*
- *Corice getur ekki gefið nákvæma staðsetningu á væntanlegum notendum númeranna aðra en þá að notendur verða ekki á Íslandi hefur er ætlunin að markaðssetja þjónustuna utan Íslands.*
- *Bæði er gert ráð fyrir umferð í og úr númerunum.*
- *Corice telur að áætlað magn símtala í númerin verði meira en 1.000.000 mínútur á mánuði.*

- Corice getur ekki fyrirfram gefið nákvæma áætlun á því hvaðan umferð í númerin muni koma. Þar sem ætlunin er að selja þjónustuna á alþjóðavísu mun umferðin koma frá þeim löndum þar sem þjónustan verður keypt.
- Corice hefur ekki enn samið við fjarskiptafyrirtæki um þjónustuna þar sem ekki er hægt að hefja sölu og markaðssetningu á þjónustunni fyrir en félaginu hefur verið úthlutað númerum. Samningar liggja því ekki fyrir við önnur fjarskiptafyrirtæki.

Með vísan til þess sem hefur verið rakið hér að framan og með vísan til VI. kafla laga um fjarskipti nr. 81/2003 óskar félagið því eftir að fá úthlutað númerum fyrir alþjóðlega farsímaþjónustu (...), þ.m.t. VAS, ásamt alþjóðlegri greiðslumiðlun gegnum farsíma.
(...)

Félagið telur að það uppfylli þau skilyrði sem lög nr. 81/2003 setja til að geta fengið úthlutað númerum í skilningi laganna. Félagið uppfyllir skilyrði tengd almennri heimild, skv. 6. og 4. gr. laganna og skilyrði um notkun númeranna, skv. 2. mgr. 10. gr. að auki telur félagið að það sé í stakk búið til að uppfylla þau sérstöku skilyrði sem PFS kann að setja félaginu í tengslum við úthlutun númeranna.“

3.4

Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 4. júní sl., upplýsti PFS Corice um að stofnunin hefði í hyggju að hafna beiðni fyrirtækisins um númer. Í bréfi stofnunarinnar kom eftirfarandi m.a. fram:

„(...) með vísan til annarra upplýsinga er fram koma í fyrrgreindu bréfi yðar, er það mat PFS að svo stöddu, að ekki sé hægt að úthluta Corice númerum í þeim tilgangi sem fyrirtækið hyggst nota umbeðin númer. Er það álit PFS að sú þjónusta sem fyrirhugað er að veita í umbeðnum númerum er í raun yfirlýðing þjónusta sem fyrirhugað er að veita á alþjóðavísu. Er því um að ræða svokallaða International Premium Rate Service (IPRS). Úthlutun númera fyrir slíka þjónustu (Universal International Premium Rate Numbers (UIPRN)) er í höndum Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU), sbr. upplýsingar í bréfi PFS til Corice þann 22. janúar sl. Af þessum sökum hyggst Póst- og fjarskiptastofnun hafna umsókn Corice ehf. um númer fyrir alþjóðlega farsímaþjónustu.“

Þá var Corice veittur frestur til 25. júní 2008 til þess að koma að athugasemdum sínum vegna framangreindra áforma stofnunarinnar.

Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 1. júlí sl., ítrekaði stofnunin fyrirhugaða ákvörðun um að hafna beiðni Corice um númer og veitti fyrirtækinu um leið viðbótarfrest til 8. júlí sl. til að koma að athugasemdum vegna þessara áforma stofnunarinnar.

Jafnframt skal þess getið að þrátt fyrir að PFS hafi, eins fram kemur í kafla 3.1, hvatt Corice til að koma að athugasemdum sínum við drög að nýjum reglum um skipulag, úthlutun og notkun númera hafi fyrirtækið ekki skilað inn umsögn um drögin. Framangreindar reglur tóku gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 19. maí sl.

Sá svarfrestur sem Corice var veittur er nú liðinn án þess að Póst- og fjarskiptastofnun hafi borist athugasemdir frá fyrirtækinu. Er ákvörðun þessi því tekin á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

IV. Forsendur og niðurstaða 4.1

Íslensk löggjöf um fjarskiptamál byggist að miklu leyti á þeim gerðum Evrópusambandsins (ESB) sem skylt er að innleiða í íslensk lög samkvæmt EES-samningnum. Á grundvelli þessarar löggjafar gilda reglur um almennar heimildir fyrir öll fjarskiptafyrirtæki óháð því um hvaða tegund neta og þjónustu er að ræða. Þýðir þetta að fyrirtæki sem starfrækja fjarskiptanet og veita fjarskiptaþjónustu þurfa ekki sérstakt rekstrarleyfi til þess að geta starfað. Hverju ríki er hins vegar heimilt að setja skilyrði fyrir almennum heimildum sem og skilyrði fyrir notkun fjarskiptafyrirtækja á sérstökum réttindum til notkunar á tíðnum og númerum þar sem við á, sbr. III. kafli í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 81/2003, um fjarskipti (128. löggjafarþing 2002–2003. Þskj. 960 — 599. mál.).

Póst- og fjarskiptastofnun er falið að hafa umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi eftir því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun og öðrum lögum, sbr. 1. gr. laga nr. 69/2003. Í 3. gr. framangreindra laga eru skilgreind hluti af þeim verkefnum sem stofnuninni er falið að sinna. Má þar m.a. nefna að stofnuninni er falið að stuðla að samkeppni á sviði fjarskiptaþjónustu og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti með því m.a. að ýta undir hagnýta notkun tíðna og númera og viðhafa skilvirka stjórn á notkun þessara gæða, sbr. c-lið 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003. Þau tæki sem stofnunin hefur til þess að sinna framangreindu hlutverki er að finna í lögum nr. 81/2003, um fjarskipti, og reglugerðum og reglum sem settar hafa verið með stoð í þeim lögum. Í III. kafla fjarskiptalaga er kveðið á um þær skyldur og þau lágmarksréttindi sem fylgja almennri heimild til reksturs fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu. Hluti af þessum réttindum eru réttindi til að nota númer. Ákvæði IV. kafla laganna fjallar sérstaklega um þessi réttindi, og þau skilyrði sem þeim fylgja.

Fjarskiptafyrirtæki með almenna heimild sem hyggjast nota númer í rekstri sínum þurfa að skila inn umsókn þar um til Póst- og fjarskiptastofnunar. Stofnunin úthlutar réttindum til að nota númer í samræmi við ákvæði 7. gr. fjarskiptalaga sem er svohljóðandi:

„Þegar réttindi til notkunar ákveðinna tíðna og númera falla ekki undir p-lið 2. mgr. 6. gr. skal Póst- og fjarskiptastofnun að fenginni umsókn úthluta slíkum réttindum til fjarskiptafyrirtækja sem reka eða nota fjarskiptanet eða þjónustu samkvæmt almennri heimild. (...). Réttindi samkvæmt þessari grein eru bundin við nafn og er framsal óheimilt.“

Eins og fram kemur í 7. gr. fjarskiptalaga skal Póst- og fjarskiptastofnun að fenginni umsókn úthluta réttindum skv. ákvæðinu til fjarskiptafyrirtækja sem reka eða nota fjarskiptanet eða þjónustu samkvæmt almennri heimild. Eftirfarandi skilgreiningu á orðinu *fjarskiptafyrirtæki* er að finna í 10. tölulið 3. gr. fjarskiptalaga: „*Einstaklingur eða lögaðili sem hefur tilkynnt Póst- og fjarskiptastofnun um fyrirhugaðan rekstur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanets*.“ Samkvæmt 12. tölulið sömu greinar er fjarskiptanet „*(s)endikerfi og þar sem það á við skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla merkjum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum, rafdreifikerfi, háspennulínunum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. net fyrir hljóð- og sjónvarp og kapalsjónvarp*“. Fjarskiptaþjónusta er aftur á móti „*(þ)jónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet, þ.m.t. tölvupóstþjónusta og netaðgangur*“

4.2

Áður en kemur að úthlutun réttinda samkvæmt 7. gr. fjarskiptalaga verður að líta til þess hvort skilyrði sem fylgja slíkum réttindum séu uppfyllt. Um er að ræða þrenns konar skilyrði sem fjarskiptafyrirtæki sem hyggjast nota númer vegna starfsemi sinnar verða að uppfyllta til þess að geta fengið réttindi til slíkrar notkunar. Í fyrsta lagi skilyrði tengd almennri heimild, sbr. 6. gr. fjarskiptalaga er byggir á 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um veitingu heimilda fyrir fjarskiptanet og þjónustu (Heimildartilskipun), ásamt viðauka C. Í öðru lagi skilyrði fyrir notkun númera, sbr. 2. mgr. 10. gr. fjarskiptalaga er byggir jafnframt á 6. gr. heimildartilskipunarinnar og viðauka C, og reglur nr.450/2008, um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga á sviði fjarskipta. Í þriðja lagi getur verið um að ræða sérstök skilyrði um notkun númera, sbr. t.d. sérstök skilyrði í úthlutunarbréfi í tengslum við fyrirhugaða notkun númeranna.

Í 2. mgr. 10. gr. fjarskiptalaga eru í staflíðum a. – i. talin upp skilyrði sem setja má fyrir úthlutun númeraréttinda. Póst- og fjarskiptastofnun ákveður hver þessara skilyrða skuli setja og kveður nánar á um innihald þeirra í reglunum, sbr. núgildandi reglur nr. 450/2008 um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga á sviði fjarskipta. Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 10. gr. má setja skilyrði um að notkun númera sé skilvirk. Er þarna meðal annars átt við að fjarskiptafyrirtæki sæki ekki um númeraraðir langt umfram raunþarfir þar sem afleiðing lélegrar nýtingar geta verið að fjölga verði tölustöfum í símanúmerum en slíkt er mjög kostnaðarsamt fyrir fjarskiptafyrirtæki og notendur. Þá er heimilt að setja skilyrði um að veittar séu almennar símaskrárupplýsingar, um hámarksgildistíma úthlutunar, greiðslu gjalda fyrir númer, skuldbindingar sem rétt hafi hefur undirgengist þegar númerum er úthlutað eftir útboð og kvaðir sem hljóta af alþjóðlegum samþykktum. Hins vegar hefur skilyrði um númeraflutning í d-lið 2. mgr. 10. gr. jafnframt verið lögfest sem skylda fjarskiptafyrirtækja þegar um er að ræða almenna talsímaþjónustu og farsímaþjónustu, sbr. 1. mgr. 52. gr. fjarskiptalaga. Fjarskiptafyrirtækjum sem veita slíka þjónustu er því óheimilt að synja beiðni áskrifanda sem kys að taka með sér númer er hann skiptir um þjónustuveitanda.

Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar númerum, samkvæmt ofangreindum ákvæðum, úr íslenska númeraskipulaginu sem byggir á reglum og tilmælum Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU), sbr. tilmæli E.164 (sjá nánar á slóðinni <http://www.itu.int/rec/T-REC-E.164>). Númer úr íslenska númeraskipulaginu bera landskóðann 354 og er sá kóði ætlaður sem auðkenni sem gefa á til kynna ákvörðunarstað símtals, sbr. 4. mgr. 4. gr. reglna nr. 450/2008 um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga á sviði fjarskipta. Landskóði númera þjónar þannig ákveðnu gagnsæishlutverki fyrir notendur fjarskiptaþjónustu að því leyti að aðilar sem hyggjast hringja í númer sem bera landskóðann 354 eru þá meðvitaðir um að þeir séu að beina símtali sínu í gegnum fjarskiptafyrirtæki á Íslandi þar sem um íslenskt númer er að ræða. Af þessum sökum úthlutar PFS ekki númerum úr íslenska númeraskipulaginu ef einungis á að nota umbeðin númer erlendis. Í þessu sambandi má benda á að samkvæmt tilmælum ECC¹ nr. *ECC/REC/(05)09* um neytendavernd í tengslum við misnotkun eða óheimila notkun á landsnúmerum skv. tilmælum *E.164*² telst það vera misnotkun ef númer úr E.164 skipulaginu eru notuð við upphaf símtala sem ekki er lokið í landi eða fjarskiptaneti rétthafa númersins (fjarskiptafyrirtækisins sem fékk númerunum úthlutað), nema þá aðeins að

¹ e. Electronic Communications Committee (ECC) within the European Conference of Postal and Telecommunications Administrations (CEPT)

² e. Customer Protection in case of misuse or unauthorized use of International E.164 Numbering Resources.

endanotandinn hafi við upphaf símtals notast sérstaka forval eða fast forval þjónustumöguleika.³

4.3

Í kafla 3.3 hér á undan er gerð grein fyrir í hvaða tilgangi Corice hyggst nota hin umbeðnu númer, sbr. fyrrnefnt bréf lögmanns Corice dags. 7. apríl sl. Í því bréfi kemur jafnframt fram að Corice geti ekki gefið nákvæma staðsetningu á væntanlegum notendum númeranna, aðra en þá að notendur verða ekki staðsettir á Íslandi, þar sem ætlunin er að markaðssetja þjónustuna utan Íslands. Þá kemur fram að fyrirhugað er að notendur umbeðinna númera verði með SIM kort. Í ljósi framangreindra upplýsinga telur PFS að úthlutun númera, í þeim tilgangi sem Corice hefur í hyggju að nota umbeðin númer, samrýmist ekki íslenska númeraskipulaginu og tilmælum ITU nr. E.164, eins og um er getið hér á undan.

Að mati PFS er sú þjónusta sem fyrirhugað er að veita í umbeðnum númerum í raun yfirlagsþjónusta sem fyrirhugað er að veita á alþjóðavísu. Er því um að ræða svokallaða alþjóðlega yfirlagsþjónustu (e. *International Premium Rate Service (IPRS)*). Alþjóðleg IPRS númer (*Universal International Premium Rate Numbers (UIPRN)*) hafa landskóðann +979 og er úthlutun númera fyrir slíka þjónustu í höndum Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU), sbr. tilmæli ITU nr. [E.169.2](#) og [E.155](#).

Burt séð frá framangreindu er að auki ljóst að fyrirhuguð notkun þeirra númera sem Corice hefur óskað eftir að fá úthlutað samrýmist ekki því skilyrði að íslensk númer skuli standa íslenskum notendum til boða á Íslandi, sbr. C-liður 3. mgr. 6. gr. reglna nr. 450/2008 um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga á sviði fjarskipta.

Að öllu ofangreindu virtu hafnar Póst- og fjarskiptastofnun umsókn Corice ehf. um númer fyrir alþjóðlega farsímabjónustu.

Ákvörðunarorð

Umsókn Corice ehf., dags. 26. október 2007, um númer fyrir alþjóðlega farsímabjónustu er hafnað.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 16. júlí 2008

F.h. forstjóra, Björn Geirsson

Inga Helga Jónsdóttir

³ *Fast forval*: Möguleiki sem áskrifendum í talsímabjónustu er boðinn og gefur þeim kost á að velja að ákveðnum flokkum símtala sé beint til ákveðins þjónustuveitanda, sem valinn er fyrir fram, án þess að nota þurfi forskeyti viðkomandi þjónustuveitanda, sbr. 9. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003.